



Sögur Mormónsbókar



Með djörfung ♩ = 84–92




1. Morm-óns - bók - in minn - ist á svo margt frá fyrr - i tíð,
2. Einn - ig hitt - u þeir aðr - a, sem þar áttu' í frels - is leit.




lífs - hlaup Lam - an - ít - a, þeir - a leið um höf - in víð.
Þeim þeir lögð - u lið, og land sitt gerðu' að gróð - ur - reit.



Feð - ur þeirra' og mæð - ur flutt - ust vest - ur yf - ir haf,
Morm - óns - bók - in ber, að sé - u bræð - ur all - ir menn.



fund - u land, land - ið sem líf þeim gaf.
Guð þeim gaf lög - mál, sem gild - ir enn.



Lag og texti: Elizabeth Fetzter Bates, 1909-1999. © 1969 IRI
Ísl. þýðing: Ingólfur Jónsson frá Prestbakka

Joseph Smith—Saga 1:34
Áttunda trúaratriðið

Valvers

3. Alma var uppreisnargjarn, gegn réttu barðist hann.
Dag einn birtist engill og birti honum sannleikann.
Frammi fyrir bræðrum, Alma auðmýkt lærði þar.
Upp frá því réttlátan boðskap bar.
 4. Gleym ei Abínadi, sem kom fyrir konunginn
alfjötraður, en samt boðaði hann boðskapinn.
Ef hann aðeins afneitaði, frelsi myndi' ann fá.
Trúr var hann, dyggur, samt deyddur þá.
 5. Ammon var sem kristniboði Lamanítum hjá.
Sauða konungs Lamonís um tíma gætti þá.
Þjófar komu. Féð hann varði vaskur, óhræddur,
hafði lært: "Lifa má réttlátur."
 6. Eitt sinn tveim þúsundum bræðra stefnt var út í stríð.
Hergöngu til orrustunnar þreytti fylking fríð.
Trúðu' að Kristur myndi verja' og vernda sína stétt.
Ljóst þeim var lífsins boð: "Lifa rétt."
 7. Lamanítinn, Samúel, af hallarmúrnum hátt
heróp gaf um viðvörun, til iðrunar í sátt.
Engar örvar hæfðu hann, því herrann var hans hlíf
og hann bauð landi' og lýð: "Réttlátt líf."
- (Hægt og með lotningu)*
8. Eftir krosfestingu Krists, er dó fyrir þig og mig,
sté hann fram og kenndi frelsisboðskapinn um sig.
Hönd hans var á sérhvert barn með blíðri blessun sett,
Landið þau byggðu og "breyttu rétt."

Valvers: Nancy K. Daines Carter, f. 1935. © 1986, 1989 IRI
Ísl. þýðing: Jón Hj. Jónsson